

Reykjavík 15. mars 2022

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.). [386. mál](#)

4. gr. fjallar um dagsektir. Þær skulu nema 30 þús. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og geta hæstar orðið 1,5 millj. kr. LS leggur til að upphæðir sem tilgreindar eru helmingist þegar í hlut eiga bátar styttri en 15 metrar. Verði 15 þús. fyrir hvern dag og að hámarki 750 þúsund krónur.

7. gr. fjallar um að heimila eftirlitsmönnum Fiskistofu að nýta fjarstýrð loftför við eftirlitsstörf.

Það er skoðun LS að allt frá því að stofnunin hóf notkun á fjarstýrðum loftförum hafi hún farið langt fram úr sjálfri sér án þess að hafa til þess lagastoð eins og frumvarpið ber glöggvitni um.

Þrátt fyrir að stofnunin hafi ekki stoð í lögum fyrir slíku eftirliti hefur hún þegar hafið það ásamt því að senda frá sér bréf um meint brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Í bréfunum hefur þó hingað til verið sagt að Fiskistofa muni ekki að „þessu sinni“ taka atvik til skoðunar m.t.t. þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum hvort viðurlögum beitt. Það er með ólíkindum að opinber stofnun láti frá sér slíkar lítt dulbúnar hótanir, án þess að hafa lagaheimild til.

„Þess í stað viji stofnunin leiðbeina viðkomandi útgerð um þær skyldur sem á henni hvíla og skora á hana að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 við veiðar skipsins. Komi síðar upp við veiðieftirlit Fiskistofu grunur um brottkast frá skipinu kann að koma til þess að hafin verði rannsókn að hætti stjórnslulaga til ákvörðunar um hvort brot hefur verið framið og eftir atvikum hvort beitt verður stjórnsluviðurlögum skr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðun um hvort málið verður tekið fyrir að hætti sakamála er í höndum

lögreglu og bindur þetta bréf Fiskistofu ekki endi á málið hvað það varðar.“

eins og segir í einu af mörgum bréfum sem Fiskistofa hefur sent frá sér.

Ákærvaldið hefur ekki látið sitt eftir liggja í þessu máli þar sem aðilum hefur borist bréf sem hefst þannig:

„ÁKÆRA – LÖGREGLUSTJÓRINN Á VESTFJÖRÐUM gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á hendur...“

LS gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð. Þau eiga sér enga lagastoð.

Efni greinarinnar er þess eðlis að fara verður afar varlega svo ekki sé gengið of nærri persónulegum aðstæðum hvers og eins, þar með talið vinnsla upplýsinga sem fást við eftirlit. Samkvæmt reglum um rafrænt eftirlit 837/2006 skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn beri til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. „Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum“, eins og segir í skýringum með greininni.

Jafnframt er þar vakin athygli á að rafrænt eftirlit megi fara fram með leynd ef það styðst við skýra lagaheimild eða dóm. Fiskistofa hefur með öllu sniðgengið þetta. Notkun hennar á mannlásum fjarstýrðum loftförum hafa einkennst af því að um hreina og klára njónstarfsemi sé að ræða. Þannig sótti Fiskistofa um undanþágu varðandi flughæð, en í reglum um fjarstýrð loftför er skýrt kveðið á um 120 metra hámarks flughæð. Beiðni Fiskistofu til Samgöngustofu var að fá að fljúga sínum loftförum í 200 metra hæð. Beiðninni fylgdi engin rökstuðningur. Það er skoðun LS að tilgangur Fiskistofu með þessari beiðni sé að geta stundað eftirlitið án þess að viðkomandi verði þess varir. Hvaða annan tilgang getur undanþágubeiðni Fiskistofu haft?

Á vef Persónuverndar er að finna lýsingu á því sem fellur undir njónstarfsemi. Sú lýsing er nákvæmlega það sem Fiskistofa hefur verið að gera með sínu drónaeftiliti.

Þar er rétt að taka fram, að mótmæli LS við framferði Fiskistofu er á engan hátt afsláttur á því grundvallar sjónarmiði félagsins að brottkast er ólíðandi með öllu. Athugasemdir LS lúta að því að opinber stofnun, í þessu tilfalli Fiskistofa, þarf, rétt eins og aðrir að lúta lögum og reglum.

Þá er alvarlegt umhugsunarefni hvort eftirlit Fiskistofu standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Fiskistofa getur í langflestum tilfellum vaktað smábáta upp við ströndina með loftförum en hefur litla sem enga möguleika á að vakta togara fjarri landi á sama hátt.

Smábátarnir liggja vel við höggi. Þeir fara að jafnaði stutt frá landi og í skaplegu veðri. Slíkar aðstæður henta þeim ágætlega sem sitja í bílum Fiskistofu og senda loftförin til eftirlits. Ekki er sömu sögu að segja af eftirliti með togaraflotanum. Þau skip veiða í flestum veðrum á sama tíma og loftför Fiskistofu eru mjög háð því að veður séu skapleg og birta henti þeim.

Það er eindregin skoðun LS að framkvæmd þessara mála af hendi Fiskistofu stangist heiftarlega á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Annars vegar er um að ræða eftirlit með einstaklingum á smábátum að róa á eigin bátum þar sem allt er augljóst, sé um að ræða eftirlit úr lofti. Hins vegar togara sem losa aflann niður um lúgu við skut og eftir það sést ekkert hvað fer fram neðan þilja.

Stórútgærðinni hefur hingað til tekist að koma í veg fyrir að eftirlitsmyndavélar verði settar upp á því svæði – með tilvísun í Persónuverndarlög(!). LS styður heilshugar að eftirlitsmyndavélum verði komið fyrir á vinnsludekkjum ísfisks- og frystitogurum.

LS vill taka fram að það er síður en svo að leggjast gegn eftirliti með fiskveiðum.

Virðingarfyllt


Arthur Bogason formaður


Örr Pálsson framkvæmdastjóri